

Ársskýrsla landsaðgangs 2005

Landsaðgangur

Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland. Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang. Meginviðfangsefni verkefnisins eru gagnasöfn og rafræn tímarit sem gerðir hafa verið samningar um áskrift fyrir allt landið.

Samningar um landsáskriftir á árinu 2005 voru:

Áskriftir að gagnasöfnum:	Áskriftir að tímaritasöfnum (greinasöfnum). Innan sviga er fjöldi titla í desember 2005:
Britannica Online	
GROVE Art	
GROVE Music & Opera	Blackwell Synergy (832 titlar)
Myndað Morgunblað 20. aldar	Elsevier ScienceDirect (1.780 titlar)
Greinasafn Morgunblaðsins (-3 ár)	Karger (81 titill)
ProQuest Learning Literature	Springer Link (með Kluwer) (1.310 titlar)
ProQuest Literature Online	
ProQuest 5000 (safn tímarita)	
Web of Science	

Einnig er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta aðganginn fyrir allt landið.

Kostuð gagnasöfn:

ASCE (American Society of Civil Engineers)
ASME (American Society of Mechanical Engineers)
EiVillage með Compendex
OVID

Aðilar sem kosta aðganginn:

Landsvirkjun, verkfræðideild HÍ,
ÍAV, OR og nokkrar verkfræðistofur.
Verkfræðideild HÍ.
LSH, HÍ, HA og FSA.

Á vef landsaðgangsins eru síðan krækjur á mörg gagnasöfn sem eru í **opnum aðgangi** og ekki tekin frekari ábyrgð á þeim aðgangi.

Framkvæmd

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur gert þjónustusamning við menntamálaráðuneyti um framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímáritum. Á fjárlögum ársins 2005 var úthlutað 20 milljónum króna til að standa straum af kostnaði við samninginn, þ.e. til að taka þátt í kostnaði við áskriftir og til að greiða laun starfsmanna safnsins sem sjá um samningagerð, umsýslu með samningum við birgja, kynningu, kennslu og innheimtu hjá þeim sem taka þátt í kostnaði við landsaðganginn.

Einn starfsmaður vann í fullu starfi við umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum <http://hvar.is> og ýmis önnur störf sem tengjast landssamningum. Þrír aðrir starfsmenn hafa unnið að samningagerð, innheimtu og fjárumsýslu. Þessi störf samsvara tveimur ársverkum í safninu.

Kynningarstarfsemi

Umsjónarmaður landsaðgangs heimsótti Hornafjörð og kynnti aðganginn þar 20. janúar. Hann naut aðstoðar Maríu Gísladóttur við þessa heimsókn. 8. apríl var kynning í Bókasafni Kópavogs fyrir starfsfólk þar og starfsfólk Náttúrustofu Kópavogs. Kynning fyrir önnur almenningubókasöfn á höfuðborgarsvæðinu var í Bókasafni Mosfellsbæjar 29. apríl. Hún var fjölsótt, yfir 100 bókaverðir hlýddu á þessa kynningu. Umsjónarmaður heimsótti Egilsstaði 29. september, flutti kynningar þar og naut aðstoðar Laufeyjar Eiríksdóttur og Ingibjargar Bergmundsdóttur í þeirri heimsókn.

Að frumkvæði umsjónarmanns var umfjöllun um skönnun *Morgunblaðsins* og landsaðganginn í blaðinu 16. janúar. Umsjónarmaður skrifaði tvær greinar á árinu um aðganginn í *Morgunblaðið*. Þar var þætt saman umfjöllun um það sem er efst á baugi í rafrænum aðgangi og kynningu á landsaðganginum. Sú fyrri birtist 8. apríl og fjallaði um landsaðganginn almennt. Sú seinni birtist 21. september. Hún fjallaði um gagnasöfn í opnum aðgangi og í landsáskrift og fór sérstaklega yfir muninn á Wikipediu og Britannicu. Í kjölfar þess var viðtal við umsjónarmann um þessi mál í *Speglinum* á Rás 1 þann 28. september.

Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 5.900 bæklingum árið 2005.

Umsjónarmaður sendi kynningu í formi bréfs með bæklingum til dýralæknastofa í landinu í september.

Vef landsaðgangs, <http://hvar.is>, var gerbreytt 28. febrúar eftir nokkra undirbúningsvinnu á árinu 2004. Þá vann umsjónarmaður breytta högun (*information architecture*) fyrir vefinn og setti upp forsögn og uppkast að nýjum vef. Hany Hadaya, grafískur hönnuður, setti upp nýtt útlit að vefnum og Már Örlygsson hjá Hugsmiðjunni hannaði stílsíðu fyrir það útlit. Jóhannes Birgir Jensson, forritari hjá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni setti upp vefumsjónarkerfi fyrir vefinn með tilheyrandi gagnagrunni. Nemendur í námskeiðinu *Upplýsingaleiðir II* í HÍ mátu uppkast að vefnum í janúar 2005 með leyfi kennara þeirra og komu með ábendingar um breytingar. Nokkuð af efni var sett inn á vefinn um sumarið og síðar á árinu. Jóhannes bætti við vefumsjónarkerfið.

Umsjónarmaður hélt fyrirlestra um landsaðganginn í tveimur námskeiðum í HÍ, líkt og fyrirrennari hans hafði gert. Þetta eru *Vinnulag í bókasafns- og upplýsingafræði* og *Upplýsingaleiðir II*, bæði kennd í bókasafnsfræðiskor. Hið fyrrnefnda er kennt í september en hið síðarnefnda í janúar. Efnistökin eru á þann veg að í fyrra námskeiðinu er farið almennt yfir aðganginn en í því seinna er farið dýpra í einstaka þætti hans.

Póstlistinn Skrudda, sem er opinn öllum er vilja taka þátt, og vefsetrið hvar.is eru skilgreindar upplýsingaleiðir fyrir landsaðganginn. Yfir 500 áskrifendur voru að Skrudda árið 2005 og má ætla að nær allir sem starfa að bókasafna- og upplýsingamálum í landinu fylgist með skrifum þar. Fréttir af öllum nýjungum birtast reglulega á vefsetrinu hvar.is.

Heimsóknir

Fulltrúar frá Elsevier komu til landsins 26. apríl. Þau kynntu ScienceDirect og Scopus og þjálfuðu fólk í notkun þeirra í Þjóðarbókhöðunni.

Þrír fulltrúar frá ProQuest voru hérlandis dagana 4.-5. maí, kynntu gagnasöfn sín og þjálfuðu fólk í notkun þeirra í Þjóðarbókhöðunni.

Fulltrúi frá Swets kom í Þjóðarbókhöðuna 15. júní og kynnti þjónustu fyrirtækisins.

Fulltrúi frá CSA var í Þjóðarbókhöðunni með kynningar og þjálfun í gagnasöfnum þeirra 4. október fyrir aðila að samlaginu. Kynningar sem stóðu öllum opnar voru 5. október á sama stað. 6. október voru sams konar kynningar í Háskólanum á Akureyri. Astrid Margrét Magnúsdóttir bar hitann og þungann af undirbúningi heimsóknarinnar til Akureyrar.

Innkaupanefnd

Samkvæmt þjónustusamningi starfar nefnd sex sérfræðinga við hlið Landsbókasafns, innkaupanefnd. Hlutverk hennar er að ákveða hvort taka eigi upp nýja samninga, endurnýja eldri eða fella þá niður. Hún ákveður einnig hlutfall bókasafnstegunda í greiðslum vegna gagna- og greinasafna. Nefndin hélt 13 fundi á árinu. Efst á baugi var nýtt greiðslufyrirkomulag fyrir rafræn tímarit. Engir nýir samningar voru teknir upp á árinu. Tveir eldri samningar voru ekki endurnýjaðir, Literature Online og Learning : Literature frá ProQuest. Áskrift að þeim féll því niður 1. janúar 2006. Aðrir eldri samningar voru endurnýjaðir.

Þjónusta

Haldið var áfram að nota tímaritalista frá TDNet.

Notkun

<i>Greinasafn</i>	Greinar sóttar í fullri lengd		Mismunur
	2005	2004	
Blackwell Synergy	64.755*	52.515	23,3%
Elsevier ScienceDirect	147.299	143.332	2,8%
Karger Online	3.494	3.489	0,1%
Morgunblaðið - greinar eldri en 3 ár	44.447	41.064	8,2%
ProQuest 5000	235.002	259.514	-9,4%
SpringerLink með Kluwer	15.805	23.094	-31,6%
Samtals	510.802	523.008	-2,3%

*Tölur fyrir notkun Blackwell voru leiðréttar 2. október 2006.

<i>Gagnasafn</i>	Greinar sóttar í fullri lengd		Mismunur
	2005	2004	
Britannica	68.318	39.026	75,1%
Grove Art	12.259	6.619	85,2%
Grove Music & Opera	20.883	18.827	10,9%
ProQuest LION	3.811	3.324	14,7%
ProQuest Learning Literature	2.314	1.223	89,2%
Samtals	107.585	69.019	55,9%

<i>Tilvísanasafn</i>	Leitir 2005	Leitir 2004	Mismunur
Web of Science	111.783	107.258	4,2%

<i>Vefsetrið hvar.is</i>	2005	2004	Mismunur
Notendur	102.685	116.777	-12,1%

Umferð á hvar.is er mæld af Modernus. Sjá skilgreiningar á vef Modernus, <http://www.modernus.is>.

Sveinn Ólafsson